

REGLUR

um úthlutun tímabundins fjárstuðnings til sveitarfélaga sem sameinast um rekstur eldvarnaeftirlits og/eða slökkviliðs.

1. gr.

Markmið með reglum þessum er að auka samvinnu sveitarfélaga, einkum þeirra smærri, um rekstur eldvarnaeftirlits og/eða slökkviliðs í því skyni að auka samræmingu, virkni og hagkvæmni slökkvistarfs í landinu.

2. gr.

Á árunum 2001 til 2005 er Brunamálastofnun heimilt að veita þeim sveitarfélögum tímabundinn fjárstuðning sem sameinast um rekstur eldvarnaeftirlits og/eða slökkviliðs.

3. gr.

Styrkhæft samstarf sveitarfélaga, sbr. 2. gr., getur verið með þeim hætti að tvö sveitarfélög eða fleiri semji um sameiginlegt slökkvilið. Sveitarfélagi er einnig heimilt að semja við annað sveitarfélag um að hafa með höndum verkefni og stjórn slökkviliðs að hluta, enda sé um varanlegt fyrirkomulag að ræða. Um slíkt skal gera skriflegan samning sem skal tilkynna til Brunamálastofnunar.

4. gr.

Styrkir sem sveitarfélög geta sótt um samkvæmt reglum þessum skulu einkum vera vegna:

- a. kostnaðar við undirbúning samningsgerðar, þar sem gerð er úttekt á stöðu brunavarna í viðkomandi sveitarfélögum og gerðar eru tillögur um nýja skipan brunavarna,
- b. kostnaðar vegna þjálfunar slökkviliðsstjóra og slökkviliðsmanna vegna nýrrar skipunar brunavarna,
- c. ýmiss tímabundins kostnaðar sem stuðlar að bættum brunavörnum eða leiðir til aukinnar hagkvæmni og hagræðis í brunavörnum sveitarfélaganna.

5. gr.

Umsóknir sveitarfélaga um styrki skulu hafa borist Brunamálastofnun fyrir 31. desember ár hvert og skal stofnunin ljúka styrkúthlutun fyrir febrúarlok árið eftir. Umsókn skal fylgja samningur sem gerður hefur verið milli sveitarfélaganna, sbr. 3. gr., nema um sé að ræða umsókn vegna kostnaðar við undirbúning samningsgerðar. Með umsókn skal jafnframt fylgja ýtarleg kostnaðaráætlun og greinargerð um tilgang fjárfestingarinnar.

6. gr.

Þau sveitarfélög sem hljóta styrk samkvæmt reglum þessum skulu skila greinargerð til Brunamálastofnunar eigi síðar en einu ári eftir að greiðsla styrks fer fram, þar sem gerð er grein fyrir hvernig hann hefur verið notaður. Ef í ljós kemur að styrkurinn hefur verið notaður til annars en til var ætlast, getur Brunamálastofnun gert kröfu um endurgreiðslu styrksins.

7. gr.

Heildarfjárstuðningur samkvæmt reglum þessum er ákveðinn í fjárlögum hvers árs og þarf Brunamálastofnun við ákvörðun styrkja að taka mið af fjárveitingum hverju sinni.

8. gr.

Reglur þessar, sem settar eru skv. ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 75/2000, um brunavarnir, öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 26. september 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.